

Hagvísar Seðlabanka Íslands

Yfirlit um þróun efnahagsmála



Seðlabanki Íslands
Maí 2002

Yfirlit efnahagsmála

Undirliggjandi verðbólga nálægt 3% sl. 3 mánuði
Í maí lækkaði vísitala neysluverðs um 0,04% frá fyrra mánuði. Tölf mánaða verðbólga hjaðnaði í 5,9% (6,1% án húsnæðis) og hafði því minnkað um 3,5 prósentur frá ársbyrjun. Meðal þess sem mest áhrif hafði í maí var að verð á nýjum bílum lækkaði um 2,3% og verð á mat- og drykkjarvöru um 0,4%. Einnig lækkaði húsnæðisverð um ½%. Á móti vó hinsvegar nokkur verðhækkun fatnaðar. Á heildina litið lækkuðu innfluttar og innlendar vörur í verði en verð þjónustu á markaði hækkaði lítillega. Undanfarna 12 mánuði hefur verð áfengis og tóbaks, innfluttra matvæla og þjónustu á markaði hækkað mest, eða um 10,3%, 9,6% og 8,9%.

Gengishækkun krónunnar að undanfögnu hefur eytt mun sem varð á milli breytinga gengis og verðlags innfluttrar vöru á sl. ári (sjá mynd 3). Innflutningsvegið gengi erlendra gjaldmiðla var tæplega 4% hærra gagnvart krónu í apríl sl. en á sama tíma árið 2001, en verðlag innfluttrar vöru án áfengis og tóbaks tæplega 5% hærra. Í einhverjum tilvikum kann að vera uppsöfnuð hækkunarþörf til staðar, sem myndast hefur vegna erlendra verðhækkunar. Verðlækkun innfluttrar vöru í kjölfar gengishækkunar krónu bendir þó ekki til að svo sé í ríkum mæli.

Í maíhefti *Peningamála* var fjallað um þætti sem hafa haft tímabundin áhrif á vísitölu neysluverðs, t.d. ráðstafanir í tengslum við verðlagsmarkmið aðila vinnumarkaðar og leiðréttingar á grunni vísitölunnar. Þriggja mánaða hækkun vísitölu neysluverðs á ársgrunni að teknu tilliti til metinnar árstíðarsveiflu og sérstakra þátta var talin u.þ.b. 4%. Sé sömu aðferð beitt nú og vísitalan í maí leiðrétt fyrir metinni verðhækkunarþörf olíufélaganna um síðustu mánaðarmót, var undirliggjandi verðbólga u.þ.b. 3% í byrjun mánaðarins.

Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi óbreytt í apríl

Atvinnulausum fækkaði lítillega í apríl, eins og að jafnaði á þeim árstíma. Atvinnuleysi í mánuðinum mældist 2,6%, sem er 1 prósentu meira en

á sama tíma í fyrra, en 0,1 prósentu minna en í mars. Árstíðarleiðrétt var atvinnuleysið 2,3%, eða því sem næst óbreytt frá marsmánuði og hefur ekki verið meira síðan í nóvember 1998. Í apríl í fyrra var árstíðarleiðrétt atvinnuleysi 1,4%.

Vinumarkaðskönnun Hagstofu Íslands í apríl sýnir svipaðar breytingar á milli ára. Samkvæmt henni jókst atvinnuleysi úr 2,1% í apríl í fyrra í 3,2% í apríl sl. Vinnustundum fækkaði á sama tíma úr 43,7 á viku í 42,8 og atvinnuþátttaka minnkaði úr 83,7% í 82,9%.

Lausum störfum hjá vinnumiðlunum fjölgaði lítillega í apríl. Fjöldi lausra starfa í lok mánaðarins var 255, samanborið við 639 í fyrra. U.þ.b. þriðjungur lausra starfa var á höfuðborgarsvæðinu. Gefin voru út 43 ný tímabundin atvinnuleyfi, eða 107 færri en í apríl 2001. Endurnýjuðum leyfum hefur fjölgað nokkuð á móti.

Samkvæmt vinnumarkaðskönnun Þjóðhagsstofnunar sem gerð var í apríl töldu atvinnurekendum á landinu öllu æskilegt að fækka starfsfólki um ½% af áætluðu vinnuafli. Atvinnurekendum á höfuðborgarsvæðinu vildu fækka starfsfólki um 1,3%, en atvinnurekendum á landsbyggðinni vildu fjölga um 0,7%. Aukin eftirspurn á landsbyggðinni er bundin við þjónustustörf við atvinnurekstur og á sjúkrahúsum.

Launavísitalan hækkaði um 0,2% í apríl og 8% undanfarna 12 mánuði. Kaupmáttur launa hafði skv. því aukist um ½% á 12 mánuðum. Hækkunina í apríl má að mestu leyti rekja til kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Of snemmt að fullyrða að samdrætti í umsvifum innanlands sé lokið

Þótt heldur virðist hafa hægt á samdrætti einkaneyslu í þjóðarbúskapnum, ef marka má nýjustu upplýsingar um greiðslukortaveltu og tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti fyrstu fjóra mánuði ársins, er ótímabært að fullyrða að samdrættinum sé lokið. Breytilegur fjöldi vinnudaga í mars og apríl vegna páska kann t.d. að hafa áhrif á umsvif í þessum mánuðum.

Tekjur af virðisaukaskatti voru u.þ.b. ½% minni að raungildi á fyrstu fjórum mánuðum ársins en fyrir ári, en næstu 4 mánuði á undan var raunsamdrátturinn 8-9%. Umskiptin eru þó sennilega minni en ætla mætti af þessum tölum, því ýmsar tímbundnar aðstæður kunna að hafa haft áhrif á tekjur ríkissjóðs.

Greiðslukortavelta í apríl sl. var 2,7% meiri að raunvirði en í sama mánuði árið áður. Töluverður raunsamdráttur hafði mælst fyrstu 3 mánuði ársins. Samanlögð velta fyrstu 4 mánuði ársins var 5,1% minni að raungildi en á sama tíma í fyrra. Að meðaltali var samdrátturinn í mars og apríl ekki mikið minni en fyrstu tvo mánuðina. Með tilliti til breytilegs vinnudagafjölda er því tæpast hægt að fullyrða að samdrátturinn fari minnkandi.

Engin merki er að sjá um rénun samdráttar í innflutningi, a.m.k. enn sem komið er. Apríltölur eru enn ókomnar. Mikill samdráttur fyrstu 3 mánuði ársins kann að endurspeglar færri virka daga í mars í ár en í fyrra. Innflutningur dróst saman 16% að magni frá fyrra ári og innflutningur neysluvöru um tæp 30% frá sama tíma árið 2000. Bílainnflutningur á fyrsta ársþriðjungi var u.þ.b. þriðjungi minni en á sama tíma í fyrra. Hefur hann ekki verið minni og nýskráningar ekki færri frá árunum 1993-95, en þá voru nýskráningar aðeins um þriðjungur meðalfjöldans á árunum 1998-2000. Samdráttur í innflutningi annarrar innfluttrar neysluvöru nam fjórðungi. Sementssala í apríl var um þriðjungi minni en í apríl 2001 og 40% minni fyrstu 4 mánuði ársins en á sama tíma í fyrra. Samningsverð í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins hafa ekki í nokkur ár verið meira undir kostnaðaráætlunum en nú.

Þróun vaxta á óverðtryggðum ríkisbréfum gefur til kynna traust á peningastefnunni

Frá því að Hagvísar komu út í apríl hefur Seðlabankinn lækkað vexti tvisvar, um samtals 0,8 prósentur, og um 1,3 prósentur frá 1. apríl sl. Verðbólga og verðbólguvæntingar hafa einnig minnkað á sama tíma. Raunstýrivextir Seðlabankans mældir með verðbólguálaginu hafa því lítið breyst og hafa nýlega mælst í kringum 7%.


Vextir á peningamarkaði fylgja vöxtum Seðlabankans jafnan nokkuð þétt eftir og hafa 3ja mánaða peningamarkaðsvextir lækkað um tæplega 3½ prósentu frá áramótum. Auk lækkunar Seðlabankavaxta endurspeglar lækkunin bættu lausafjárstöðu lánastofnana. Skammtíma-vaxtamunur gagnvart útlöndum miðað við ríkisvixla hefur minnkað um 1½ prósentu það sem af er árinu og var um 5½ prósentu 24. maí sl.

Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa, sem eru ekki verðtryggð, getur gefið mikilvæga vísbendingu um trúverðugleika vaxtastefnu Seðlabankans. Ótrúverðug vaxtalækkun gæti t.d. hækkað ávöxtunarkröfu ríkisbréfa til lengri tíma ef markaðsaðilar telja hana munu leiða til meiri verðbólgu. Eftir að Seðlabankinn lækkaði vexti í lok mars sl. tók ávöxtunarkrafa ríkisbréfa að lækka og mest á bréfum til lengri tíma. Ávöxtunarkrafa til skemmri tíma hefur síðan lækkað enn frekar, sem endurspeglar lækkun skammtíma-vaxta og betri verðbólguhorfur næstu mánuði í kjölfar gengishækkunar og hjaðnandi verðbólgu. Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa með 1½ árs líftíma og 5 ára líftíma hefur að undanfögnu verið nánast hin sama. Fyrsta útboð á nýjum flokki ríkisbréfa til 11 ára fór fram 15. maí. Ávöxtunarkrafa þessara skuldabréfa gefur því til kynna verðbólguvæntingar markaðsaðila til lengri tíma en áður hefur verið hægt að mæla. Meðalávöxtun í útboðinu var 7,97%. Ávöxtunarferlið er því niðurbhallandi í lengri endann, sem gefur til kynna að markaðsaðilar hafi trú á að dragi úr verðbólgu og að vextir lækki til frambúðar.


Breytingar á ávöxtunarkröfu verðtryggðra skuldabréfa eru oft í litlum tengslum við vaxtabreytingar á óverðtryggðum skammtímabréfum. Raunávöxtun 15 ára spariskírteina hefur nýlega verið u.þ.b. 5½%, eða svipuð og þegar Hagvísar komu út í apríl. Ávöxtunarkrafan hefur hækkað um hálfu prósentu frá áramótum. Raunávöxtun 25 ára húsbréfa hefur hinsvegar lækkað lítillega frá áramótum.

Í Hagvísunum er notast við talnagögn sem tiltæk voru 28. maí 2002.


I Verðbólga




Vísitala neysluverðs í maí lækkaði um 0,04% frá fyrri mánuði. Verð á nýjum bílum lækkaði um 2,3% (-0,14% áhrif á vísitöluna), markaðsverð húsnæðis um ½% (-0,05%) og verð á mat- og drykkjarvörum um 0,4% (-0,06%). Verð á fötum og skóm hækkaði hins vegar um 0,4% (0,08%). Undanfarna 12 mánuði hefur vísitalan hækkað um 5,9%. Í apríl hafði samræmd vísitala neysluverðs hækkað um 7,7% á 12 mánuðum.



Í maí höfðu innfluttar vörur án áfengis og tóbaks hækkað um 4,9% á 12 mánuðum. Húsnæðisliður vísitölnnar hækkaði á sama tíma um 4,7%, innlandar vörur án búvöru og grænmetis um 8,2%, og þjónusta á almennum markaði um 8,9%.




Gengishækkun krónunnar að undanförmu hefur eytt þeim mun sem var á milli gengis- og verðlagsbreytinga á sl. ári.




Verðbólguálag á vexti óverðtryggðra ríkisskuldabréfa með u.þ.b. 1½ árs líftíma lækkaði í fyrrihluta maí. Verðbólguálag bréfa með 1½ árs líftíma var að meðaltali 2,1% tímabilið 2.-24. maí og 1,8% þann 24. maí. Dagana 2.-24. maí var verðbólguálag skuldabréfa með u.þ.b. 5 ára líftíma að meðaltali 2,6% og einnig í lok tímabilsins.


II Framleiðsla og velta




Vöxtur landsframleiðslu jókst á ný á síðasta ársfjórðungi 2001 og mældist 4,6% meiri en í sama fjórðungi árið áður. Ástæðan er 13,5% meiri útflutningur og 18,8% minni innflutningur. Hins vegar mældist meiri árssamdráttur þjóðarútgjalda en á þriðja ársfjórðungi, eða 7,3%.




Heildarvelta í janúar og febrúar jókst um 4½% að raungildi, ef raunvirt er með vísitölu neysluverðs. Ef tekið er tillit til áhrifa gengisbreytinga á veltu útflutningsgreina og innflutningsgreina en velta innanlandsgreina raunvirt með neysluverðsvísitölu jókst heildarveltan um tæp 2% frá sama tíma í fyrra. Velta í fiskvinnslu og öðrum útflutningsgreinum jókst um 16% umfram gengisbreytingar, velta iðnaðar á heimamarkaði um 2% að raungildi og velta í þjónustu, þ.m.t. hótél- og veitingastarfsemi, um 4% að raungildi. Smásala dróst lítillega saman að raungildi og byggingastarfsemi um 17%.




Greiðslukortavelta í apríl sl. var 2,7% meiri að raunvirði en fyrir 12 mánuðum. Töluverður raunsamdráttur hafði mælst fyrstu 3 mánuði ársins. Samanlögð velta á fyrstu 4 mánuðum þessa árs var 5,1% minni að raungildi en á sama tíma í fyrra. Sveiflan á milli mars og apríl kann að stafa af breytilegum fjölda virkra daga í þessum mánuðum.



Rekstur skráðra fyrirtækja gekk vel á fyrsta fjórðungi þessa árs. Velta 44 fyrirtækja sem skilað hafa inn ársfjórðungsuppgjöri jókst um rúmlega 4% að raungildi, (raunvirt með VNV fyrir innanlandsgreinar en gengisvísitölu fyrir útflutningsgreinar), framlegðarhlutfallið var með hæsta mótí og ívið hærra en í fyrra, eða um 15,3%. Hagnaður eftir skatta nam 8,8% af veltu. Umskiptin stafa einkum af jákvæðum fjármagnsliðum, sem voru jákvæðir um sem nam 4,1% af veltu. Methagnaður var hjá sjávarútvegsfyrirtækjum. Framlegðarhlutfall þeirra var rúmlega 30% og hlutfall hagnaðar af veltu nærri 29%.




Bilainnflutningur er enn mjög lítill, um þriðjungi minni en á sama tíma í fyrra. Innflutningur hefur ekki verið minni og nýskráningar færri frá árunum 1993-95 en þá voru nýskráningar rúmlega 6000 á ári eða um þriðjungur þess sem var á árunum 1998-2000. Sementsala í apríl var u.þ.b. þriðjungi minni en í apríl 2001. Á fyrstu 4 mánuðum þessa árs var sementsala u.þ.b. 40% minni en á sama tíma í fyrra, sem var metár, en svipuð og að meðaltali árin 1996-2000.




Óvegið samningsverð síðustu tíu samninga í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins var 20% undir kostnaðaráætlunum. Samningsverð hefur ekki verið svo langt undir áætluðum kostnaði síðan mælingar hófust árið 1995, en frávikíð var þó álíka mikið í ársbyrjun 1999.


III Utanríkisviðskipti og ytri skilyrði




Á fyrsta fjórðungi ársins var 12,2 ma.kr. afgangur á vöruviðskiptum við útlönd án viðskipta með skip og flugvélar og 5,6 ma.kr. í heild. Á sama tíma í fyrra var halli á vöruskiptum 0,8 ma.kr. án viðskipta með skip og flugvélar og 7,2 ma.kr. halli í heild. Í mars voru vöruskipti óhagstæð um 2,4 ma.kr. samanborið við 7,3 ma.kr. halla í sama mánuði í fyrra.




Í mars voru fluttar út vörur fyrir 18,4 ma.kr. sem er tæplega 4% meira en í mars í fyrra á föstu gengi. Fluttar voru inn vörur fyrir 20,8 ma.kr., sem er tæplega 20% minna en í mars í fyrra á föstu gengi.




Árstíðaleiddréttur innflutningur hefur dregist mikið saman undanfarna mánuði og ekki verið minni síðan í nóvember 1997 ef viðskipti með skip og flugvélar eru undanskilin. Rétt er að hafa í huga að páskar voru í mars í ár en apríl í fyrra.




Á fyrsta fjórðungi ársins var almennur útflutningur 3,7% meiri en árið áður og verð 15,4% hærra, en meðalverð erlends gjalddeyris hækkaði um 13,7% frá sama tíma í fyrra. Útflutningur iðnaðarvöru jókst um 7,8% að magni og útflutningur sjávarafurða um 1,6%. Innflutningur dróst saman um 16,1%, þar af almennur innflutningur um 16,3% og innflutningur neysluvöru um 16%.




Aflabrögð hafa almennt verið góð á þessu ári. Botnfiskaflinn í apríl var nálægt meðaltali síðustu ára. Metafla var af loðnu eða rúmlega 900 þús. tonn frá áramótum. Lítið er eftir af þorskkvóta þá 4 mánuði sem eftir eru af fiskveiðiarinu en óveiddar aflaheimildir í öðrum botnfisktegundum eru svipaðar og verið hefur á undanförmum árum. Útflutningur sjávarafurða fyrstu 3 mánuði ársins á föstu gengi var tæplega 7% meiri en á sama tíma í fyrra, sem skýrist af u.þ.b. 1½% magnaukningu og nokkurri verðhækkun í erlendri mynt að jafnaði.



Greina má tilhneigingu til verðlækkunar helstu sjávarafurða að mjóli og lýsi undaskildu. Í Bandaríkjunum hefur verð frystra afurða lækkað undanfarna vikur vegna snarprar verðsamkeppni við aðrar afurðategundir. Verð í Evrópu hefur gefið nokkuð eftir nema í Bretlandi. Þá hefur verð á saltfiski lækkað, enda orðið það hátt að samkeppni við ódýrari matvælagetundir var farið að gæta. Undanfarna mánuði hefur verð á áli verið á bilinu US\$ 1.350-1.400 tonnið, eða u.þ.b. 5% lægra en á sl. ári að jafnaði. Almennt er reiknað með að álverð muni hækka samfara bata í heimsbúskapnum.




Talið er að álag á verð hráolíu vegna stríðshættu í Mið-austurlöndum hafi undanfarna vikur verið u.þ.b. 2-3 Bandaríkjadalir á olíufatið. Merki eru um að þetta álag lækki á ný og hefur olíuverð lækkað nokkuð undanfarna daga. Framvirkt verð á hráolíu og bensíni bendir til að olíuverð muni lítið breytast til ársloka.




Hrávöruverð hefur hækkað um u.þ.b. 10% frá sl. hausti. Þrátt fyrir þessa hækkun er hrávöruverðið mjög lágt til lengri tíma lítið.


IV Vinnumarkaður og tekjur




Atvinnuleysi í apríl mældist 2,6%, eða 0,1% minna en í mars. Í apríl 2001 var atvinnuleysi 1,6%. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi var 2,3% í apríl, eða því sem næst óbreytt frá fyrri mánaði. Í apríl í fyrra var árstíðaleiðrétt atvinnuleysi 1,4%. Árstíðaleiðrétt atvinnuleysi hefur ekki verið hærra síðan í nóvember 1998.



Veitt voru 284 atvinnuleyfi í apríl sl., samanborið við 354 í apríl 2001. Nýjum tímabundnum atvinnuleyfum hefur fækkað mikið milli ára en framlengdum tímabundnum leyfum fjölgað. Fjöldi lausra starfa hjá vinnumiðlunum í lok apríl var 255, sem er mun minna en fyrir ári (639).




Samkvæmt vinnumarkaðskönnun DHS sem gerð var í apríl töldu atvinnurekendur á landinu öllu æskilegt að fækka starfsfólki um ½% af áætluðu vinnuafla. Þar af vildu atvinnurekendur á höfuðborgarsvæðinu fækka starfsfólki um 1,3% af vinnuafla þar, en á landsbyggðinni vildu atvinnurekendur hins vegar fjölga starfsfólki um 0,7%. Skv. vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar í apríl jókst atvinnuleysi úr 2,1% í apríl í fyrra í 3,2% í ár, vinnustundum fækkaði á sama tíma úr 43,7 í 42,8 og atvinnuþátttaka minnkaði úr 83,7% í 82,9%.




Launavísitalan hækkaði um 0,2% í apríl og 8% undanfarna 12 mánuði. Í apríl hafði kaupmáttur launa aukist um ½% undanfarna 12 mánuði.


V Opinber fjármál




Launavísitala opinberra starfsmanna og bankamanna hækkaði um 14,1% frá 1. ársfjórðungi 2001 til 1. ársfjórðungs 2002. Á sama tíma hækkuðu laun á almennum vinnumarkaði um 6,4%. Launaskrið jókst á síðasta ári. Ekkert launaskrið mældist hins vegar milli 4. ársfjórðungs 2001 og 1. ársfjórðungs 2002. Launaskrið yfir 12 mánuði mældist 2,7% á 1. ársfjórðungi 2002, samanborið við 3,4% á 4. ársfjórðungi 2001.



Fyrstu fjóra mánuði ársins voru greidd gjöld u.þ.b. 3 ma.kr. umfram innheimtar tekjur. Á sama tíma í fyrra var jöfnuður á tekjum og gjöldum. Lítilsháttar innstreymi var á eignaliðum og hrein lánsfjárförf rúmir 2 ma.kr., líkt og fyrir ári. Í apríl voru innleyst spariskirteini fyrir 6 ma.kr. auk greiðslu uppsafnaðra vaxta, en tekið 14 ma.kr. erlent lán til síðari tíma ráðstöfunar.




Tekjur fyrstu 4 mánuði 2002 voru 7% hærra en 2001. Tekjuskattur einstaklinga skilaði 15% meira en fyrir ári, en aðrar beinar skatttekjur lækkuðu. Virðisaukaskattur skilaði 20% meira í apríl nú en í fyrra, en stóð í stað út mars. Ástæður umskiptanna eru ekki fullljósar. Tekjur af innflutningi lækka enn. Gjöld frá áramótum eru 10% hærra en í fyrra eða sem nemur 2% umfram verðlag. Rekstrargjöld og fjárfestingar hækka milli ára en vextir og lifeyristilfærslur lækka.




Yfir 4 mánaða tímabil til loka apríl hækkuðu tekjur ríkisins af staðgreiðslu og tryggingagjöldum frá fyrra ári umfram verðbólgu. Virðisaukaskattur tók kipp og gaf sömu rauntekjur frá áramótum og í fyrra, en tekjur af innflutningi fóru enn lækkanði.


VI Gengi og eignaverð




Hlutabréfavisitölur hafa lítið breyst nýlega eftir verulega hækkun á seinustu mánuðum. Frá haustmánuðum hefur aðalvisitalan hækkað um 30% og um 13% frá áramótum. Mest hefur vísitala lyfjagreina hækkað, eða um 47%, verslun og þjónusta um 30% og sjávarútvegsfyrirtæki um 16%. Samanlögð velta frá áramótum er orðin 150% meiri en á sama tíma í fyrra.




Vísitala fasteignaverðs (sér- og fjölbýli) á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 3,1% á 12 mánuðum til febrúar 2002, en svipuð hækkun hefur mælst undanfarið hálf t. Vísitala fermetraverðs í fjölbýli, sem nær fram í apríl 2002, lækkaði um 0,9% undanfarna 3 mánuði og 3ja mánaða hlaupandi meðaltal lækkaði um ½% undanfarna 12 mánuði.




Viðbendingar um verðlækkun atvinnuhúsnæðis eru að styrkjast. Raunverð á fyrsta ársfjórðungi 2002 virðist nú vera 15-25% lægra en á sama tíma í fyrra, sem svarar til 8-18% nafnlækkunar. Sem fyrr ber að minna á að mælingar eru fjar og húseignir afar mismunandi, svo talsverðar sveiflur geta orðið á verðmælingunni af tilviljun einni saman. Lækkunartilheingingin er þó að verða of skýr og langvarandi til að tilviljun ein ráði.



Afgreiddar umsóknir hjá Íbúðalánasjóði vegna nýbygginga og endurbóta voru 194 í apríl, en voru 150 í apríl í fyrra. Til kaupa á notuðu húsnæði í apríl voru afgreidd 603 lán, en í apríl í fyrra voru afgreidd 463 lán. Fjárhæð afgreiddra húsbrefa hækkaði verulega á seinni hluta sl. árs vegna aukinna viðskipta með húsnæði, en hefur lækkað það sem af er þessu ári.




Á seinustu vikum hefur varanlegur kvóti hækkað verulega, og um 40% sl. 12 mánuði. Mikil eftirspurn hefur verið eftir langtímakvóta en framboð lítið. Segir þar til sín góð afkoma og veltufjárstaða sjávarútvegsfyrirtækja. Verð á leigukvóta (skammtímakvóta) hefur hins vegar lækkað allnokkuð eða um 20 kr./kg. en er þó enn u.þ.b. 60% hærra en fyrir ári. Verð á varanlegum kvóta hefur hækkað verulega seinustu vikur eða um nærri fimmtung, og hækkinun seinustu 12 mánuði er um 40%.




Raungengi krónunnar miðað við verðlag á 1. ársfjórðungi var 5,9% lægra en á sama tíma í fyrra og 8% lægra en að meðaltali undanfarin 10 ár, en 7,3% lægra sé miðað við laun.


VII Peningar, útlán og vextir




Gengi krónunnar hefur styrkst mikið á þessu ári eða um 8,8% frá áramótum og um ½% frá síðustu mánaðarmótum, til 27. maí. Mánaðarlegt raungengi krónunnar miðað við verðlag var í apríl tæplega 1% hærra en fyrir ári.




Tólf mánaða útlánavöxtur lánakerfisins nam 18,7% á árinu 2001 og jókst lítillega milli september og desember 2001, þrátt fyrir að verulega hafi dregið úr vexti útlána bankakerfisins. Aukinn vöxtur húsnæðislána og hjá opinberum lánasjóðum síðustu 3 mánuði ársins er meginskýringin.




Breyting í % til loka apríl 2002	M3	Útlán án uppfærslu	Útlán
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt)	-0,3	-2,0	-0,6
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árstíðarleiddrétt)	10,4	-14,7	-5,6
Yfir 12 mánuði	12,3	6,8	5,8




Breyting í % til loka apríl 2002	M3	Útlán
Yfir 1 mánuð (M3 árstíðarleiddrétt)	-0,3	-2,1
Yfir 3 mánuði, umreiknuð til árshraða (M3 árst.leiðr.)	7,8	-15,3
Yfir 12 mánuði	4,5	-0,6




Grunnfé Seðlabankans jókst um rúmlega 34% í apríl frá sama tíma í fyrra. Mikil aukning á grunnfé í mars gekk að mestu til baka í apríl. Miklar sveiflur einkenna jafnan breytingar á grunnfé og því er vandasamt að túlka breytingar á því. Verulega hefur dregið úr aukningu endurhverfa viðskipta frá lokum janúar. Ársaukningin í janúar var tæplega 66% en tæplega 39% undir lok maí.




Stýrivextir Seðlabankans hafa verið lækkaðir tvisvar, um samtals 0,8 prósentur, frá því að Hagvísar komu út í apríl og 1,3 prósentur frá 1. apríl sl. Vextir á peningamarkaði hafa einnig lækkað verulega á þessu ári. Þrjú mánaða peningamarkaðsvextir hafa lækkað um tæpa 3½ prósentu frá áramótum. Vextir á lánum til eins dags lækkuðu í kjölfar tilkynningar Seðlabankans um að fleiri flokkar skuldabréfa verði hæfir í endurhverfum viðskiptum og innlausnar á RS02 þann 2. apríl, en hækkuðu á ný í upphafi bindiskyldutímabils í apríl (21. apríl). Þeir eru nú um 3,8 prósentum lægri en í upphafi ársins.




Raunstýrivextir Seðlabankans mældir með verðbólguálaginu mælast nú 6,8% og hafa lækkað um 0,2 prósentur síðan Hagvísar voru gefnir út í apríl. Skammtíma vaxtamunur gagnvart útlöndum (ríkisvixlar) hefur lækkað um 1½% það sem af er árinu og var um 5½% 24. maí.



Ávöxtunarkrafa ríkisbréfa tók að lækka í lok mars þegar Seðlabankinn lækkaði vexti í fyrsta skipti á þessu ári og er lítil munur á ávöxtunarkröfu bréfa með 1½ árs líftíma og 5 ára líftíma. Fyrsta útbod á nýjum flokki ríkisbréfa til 11 ára (RIKB 13 0517) fór fram þann 15. maí og var meðalávöxtun 7,97%.




Ávöxtunarferrill peningamarkaðsbréfa er nánast flatur, en hefur hliðrast niður á við síðan fyrir mánuði og fyrir ári. Nýr flokkur ríkisbréfa (sjá texta við mynd 40) hefur bæst við sem veldur því að ávöxtunarferrill er niðurbhallandi í lengri endann. Ávöxtunarferrill eldri flokka ríkisbréfa er svipaður og fyrir mánuði, en hefur hliðrast lítillega niður á við. Markaðsáðilar virðast því hafa trú á minnkandi verðbólgu og lækkun vaxta á næstu misserum.




Raunávöxtun 15 ára spariskirteina hefur nýlega verið 5½%, eða svipuð og þegar Hagvísar komu út í apríl, en hefur hækkað um hálfu prósentu frá áramótum. Raunávöxtun 25 ára húsbréfa hefur lækkað lítillega frá áramótum.


VIII Alþjóðleg efnahagsmál




Iðnaðarframleiðslan jókst um 0,4% í apríl. Vöxtur landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi mældist 5,6% á árskvartaða, eða ívið minni en talið var í fyrstu. Atvinnuleysi í apríl mældist 6% og hefur hækkað um ½% á tveimur mánuðum. Störfum fjölgaði þó lítillega, en fjölgun sem áður mældist í mars er horfin við endurskoðun. Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,5% í apríl, en kjarnavísitalan um 0,3%. Hækkun tobaksverðs átti þar töluverðan hlut að máli.




Iðnaðarframleiðsla jókst um 0,5% í mars og hafði þá vaxið í 4 mánuði samfleytt. Samdráttur var þó í Þýskalandi og á Ítalíu. Verðbólga á evrusvæðinu mældist 2,4% í apríl og hefur hjaðnað lítillega undanfarna mánuði eftir uppsveiflu í ársbyrjun. Atvinnuleysi á evrusvæðinu mældist 8,4% í mars, óbreytt frá síðustu 4 mánuðum og hið sama og snemma árs 2001.




Verðhjöðnun í mars mælist 1,2% á 12 mánuðum, eða heldur minni en mánuðinn á undan. Iðnaðarframleiðslan jókst um 0,8% í mars eftir samdrátt í janúar. Frá fyrra ári mældist samdrátturinn 8,8% og hefur minnkað verulega frá því í desember 2001. Bati í iðnaðarframleiðslu er þó talin hafa fremur lítil áhrif á aðra geira. Atvinnuleysi minnkaði 5,2% í mars og hefur lækkað um 0,3% frá því í desember.




Vísitala neysluverðs án vaxta hækkað um 0,7% í apríl og mældist verðbólgan 1,5%. Skráð atvinnuleysi jókst lítillega í febrúar, í 3,2%, en í mars hafði það mælst lægra en í áratugi. Í síðustu atvinnukönnun mældist atvinnuleysi 5,1%. Iðnaðarframleiðslan dróst saman um 0,4% í mars, í kjölfar verulegs samdráttar mánuðina á undan. Hagvöxtur á fyrsta ársfj. var lítil sem enginn, en smásala jókst verulega í apríl.




Ársvöxtur M3 minnkaði í mars úr 7,4% í febrúar í 7,3% í mars. Vöxtur þriggja mánaða meðaltals, sem ECB miðar formlega við, minnkaði úr 7,8% í 7,5%. Í Bandaríkjunum hefur vöxtur M3 hægt töluvert á sér undanfarna mánuði. Hann var 8,3% yfir 12 mán. til loka apríl.




Tólf mánaða vöxtur útlána á evrusvæðinu til aðila innan svæðisins var 4,9% í mars, en var 5,2% mánuðinn á undan. Tólf mánaða vöxtur útlána í Bandaríkjunum nam 5,9% í lok mars.




Uppsveifla í byrjun mánaðarins hefur runnið út í sandinn í Bandaríkjunum ...




... og í Evrópu hefur verið hlutabréfa lækkað heldur meira í maí. Nikkei hefur heldur styrkst í kjölfar bata í iðnaðarframleiðslu.



Enn halda helstu seðlabankar heims að sér höndum, en búist er við að næstu breytingar verði til hækkunar.



Ávöxtun 10 ára ríkisskuldabréfa hefur verið u.þ.b. hin sama í Bandaríkjunum og á evrusvæðinu. Sl. 4 vikur hefur ávöxtunin hækkað lítillega á báðum svæðum.



Gengi Bandaríkjadals hefur farið lökkandi undanfarnar vikur. Gengi evrunnar gagnvart Bandaríkjadal var í sl. viku hið hæsta á árinu. Japansbanki hefur keypt Bandaríkjadali til að hamla gegn frekari styrkingu jensins.

Skýringar við myndir í Hagvísum Seðlabanka Íslands

Mynd 1. Verðbólga

Heimild: Hagstofa Íslands og Eurostat. 12 mánaða %-breyting neysluverðsvisitölu Hagstofunnar og samræmdrar neysluverðsvisitölu EES (Harmonised Index of Consumer Prices, HICP). Einnig er sýnt verðbólguþétt Seðlabanka Íslands sem tekið var upp í mars 2001.

Mynd 2. Neysluverðsvisitatala eftir eðli og uppruna

Heimild: Hagstofa Íslands. Sýndar eru 12 mánaða %-breytingar fjögurra undirliða neysluverðsvisitölnnar: vísitölu húsnæðis, innfluttra vara án áfengis og tóbaks, innlendra vara án búvöru og grænmetis og annarrar þjónustu. Til og með febrúar 1997 er grænmeti innifalið í liðnum innlendar vörur án búvöru og grænmetis. Frá og með mars 1997 breyttist sundurliðun Hagstofu og grænmeti var einnig undanskilið.

Mynd 3. Verð innfluttrar vöru í vísitölu neysluverðs og vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala

Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands. Verð á innfluttum vörum án áfengis og tóbaksverðs í vísitölu neysluverðs. Meðaltal mars 1997-febrúar 2002 = 100. Vöruskiptavegin innflutningsgengisvísitala, meðaltal mánaðar. Mars 1997 = 100.

Mynd 4. Verðbólguvæntingar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Mælikvarðar á verðbólguvæntingar eru annars vegar verðbólguvæntingar almennings og hins vegar verðbólguálag ríkisskuldabréfa. Væntingar almennings eru skv. könnun sem PriceWaterHouseCoopers gerir fyrir Seðlabankann þrisvar sinnum á ári, þar sem spurt er hver verðbólgan muni verða næstu 12 mánuði. Verðbólguálag ríkisskuldabréfa er mismunur ávöxtunar ríkisbréfa og spariskírteina svipaðrar tímallengdar. Annars vegar er reiknaður mismunur á bréfum til u.þ.b. 2 ára (RIKB 03 1010 og RIKS 03 0210) og hins vegar munur ríkisbréfa til um 5½ árs og spariskírteina til 3½ árs (RIKB 07 0209 og RIKS 05 0410.) Tölur eru í mánaðarlok tímabilið janúar 1999-september 2001 og daglegar frá október 2001.

Mynd 5. Ársfjórðungslegar þjóðhagsstærðir

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Magnbreyting einkaneyslu, þjóðarútgjalda og vergrar landsframleiðslu frá sama fjórðungi á fyrra ári.

Mynd 6. Velta samkvæmt virðisaukaskattskýrslum

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Veltubreyting á milli ára sl. tvö ár. Sýndar eru tölur um heildarveltu og fimm undirliði. Tölur eru uppsafnaðar frá ársbyrjun og staðvartar með vísitölu neysluverðs eða viðeigandi undirvísitölu hennar.

Mynd 7. Greiðslukortavelta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Velta greiðslukorta (samanlögð velta debetkorta og kreditkorta) innanlands og erlendis. Staðvart er með vísitölu neysluverðs (velta innanlands) og meðalgengisvísitölu (velta erlendis). Sýnd er breyting veltu frá fyrra ári í %, annars vegar í einum mánuði og hins vegar á tímabilinu frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar.

Mynd 8. Velta og afkoma skráðra atvinnufyrirtækja

Heimild: Seðlabanki Íslands. Sýnd er raunveltuaukning og eftirfarandi hlutföll af veltu: hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, hagnaður eftir skatta og fjármagnsliði. Úrtak er parað við fyrra ár og notaðar fyrirliggjandi upplýsingar hverju sinni.

Mynd 9. Sementssala og nýskráningar bifreiða

Heimildir: Sementsverksmiðjan hf., Aalborg Portland Ísland hf. og Bílgreinasambandið. Sementssala tveggja aðila, Sementsverksmiðjunnar hf. og Portland Cement. Hinn síðarnefndi hóf sölu sements hér á landi á árinu 2000. Bæði nýjar og notaðar nýskráðar bifreiðir, allir flokkar (fólks-, hópferða-, vöru- og sendibifreiðir).

Mynd 10. Hlutfall samningsverðs af kostnaðaráætlun í útboðum Framkvæmdasýslu ríkisins

Heimild: Framkvæmdasýsla ríkisins. Sýnt er hreyfanlegt meðaltal (óvegið) tíu samninga.

Mynd 11. Vöruskiptajöfnuður sem hlutfall af vöruútflutningi

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 12 mánaða hlutfall.

Mynd 12. Vöruinnflutningur og vöruútflutningur

Heimild: Hagstofa Íslands. Innflutningur eða útflutningur síðustu 12 mánaða sem hlutfall af 12 mánuðum þar á undan.

Mynd 13. Árstíðarleiddréttur vöruinnflutningur á föstu verði

Heimild: Hagstofa Íslands. Hreyfanlegt 3 mánaða meðaltal vöruinnflutnings er árstíðarleiddrétt. Sett á fast verð og gengi með vísitölu erlends verðlags og meðalgengisvísitölu m.v. innflutning. Vísitala erlends verðlags er fengin með því að vega saman með gengisvoginni vísitölur verðlags í helstu viðskiptalöndum.

Mynd 14. Utanríkisviðskipti

Heimild: Þjóðhagsstofnun. Verð og magnþróun á innflutningi og útflutningi. Almennur innflutningur jafngildir heildarvöruinnflutningi að frátöldum skipum flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður). Almennur útflutningur jafngildir heildarvöruútflutningi að frádregnum skipum, flugvélum og ýmsum vörum (afgangslíður).

Mynd 15. Afli og útflutningsverðmæti sjávarafurða

Heimild: Hagstofan. Afli íslenskra skipa á heimamiðum og fjarimiðum. Sýnt er aflamagn eftir helstu flokkum, uppsafnað frá ársbyrjun til loka næstliðins mánaðar. Verðmæti útfluttra sjávarafurða eru f.o.b.-tölur á nafnvirði, frá áramótum, en ná oftast mánuði styttra fram en aflamagnið.

Mynd 16. Verð á sjávarafurðum og áli

Heimild: Þjóðhagsstofnun og London Metal Exchange (LME). Verð sjávarafurða mælt í íslenskum krónum kemur frá Þjóðhagsstofnun. Það er umreiknað yfir í erlendan gjaldmiðil með því að deila með útflutnings-vöruskiptavog. Verð áls frá LME. Sýnd eru mánaðarleg meðaltöl og auk þess nýjasta álverð. Ekki er árstíðarleiddrétt.

Mynd 17. Olíu- og bensínverð

Heimild: Bloomberg. Hráolía, bensín og IPE, framvirkt verð. Sýnd eru mándarleg meðaltöl, seinustu dagverð og framvirkt verð næstu tveggja ársfjórðunga.

Mynd 18. Hrávöruverð á heimsmarkaði

Heimild: EcoWin/IMF. Mánaðarlegar tölur. Hrávöruverð án eldsneytis, verð á grunnmálum og verðlag matvæla.

Mynd 19. Atvinnuleysi

Heimild: Vinnuálastofnun, Seðlabanki Íslands. Mánaðarlegar tölur. Skráð atvinnuleysi sem hlutfall af mannafla, mælt og árstíðarleiddrétt. Skráð atvinnuleysi er meðalfjöldi einstaklinga sem skráðir eru á atvinnumiðlunum á öllu landinu, sem hlutfall af áætluðum mannafla á vinnumarkaði í hverjum mánuði.

Mynd 20. Atvinnuleyfi og störf í boði

Heimild: Vinnuálastofnun. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Heildarfjöldi útgefina atvinnuleyfa er sýndur og einnig fjöldi nýrra leyfa (og leyfa vegna nýs vinnustaðar). Framboð á lausum störfum hjá vinnumiðlunum í lok hvers mánaðar.

Mynd 21. Atvinnuleysi og fjöldi lausra starfa

Heimild: Hagstofa Íslands og Þjóðhagsstofnun (ÞHS). Hagstofan kannar í apríl og nóvember stöðuna á vinnumarkaði. Hringt er í slembiúrtak úr þjóðskrá og athugað hverjir eru í vinnu og hverjir ekki. Miðað er við skilgreiningar ILO (Alþjóðavinnuálastofnunarinnar). ÞHS athugar í janúar, apríl og september á hverju ári eftirspurnarhlíð vinnumarkaðarins. Gerð er athugun hjá atvinnurekendum um hvort þeir vilji bæta við sig starfsfólki og þá hversu mörgum.

Mynd 22. Launavísitala og kaupmáttur launa

Heimild: Hagstofa Íslands. 12 mánaða breyting launavísitölnnar, tímabil miðast við útreikningstíma. Kaupmáttur sem launavísitala staðvirt með vísitölu neysluverðs.

Mynd 23. Laun á almennum markaði, hjá opinberum starfsmönnum og launaskrið

Heimild: Hagstofa Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Laun á almennum markaði og laun hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum eru undirliðir launavísitölnnar. Tímabil miðast við útreikningstíma vísitölnnar. Launaskrið er hækkun launa á almennum markaði samkvæmt launavísitölu umfram mat hagfræðisviðs á hækkun vegna kjarasamninga. Myndin sýnir launaskrið yfir sl. 4 ársfjórðunga.

Mynd 24. Tekjuafgangur og hrein lánsfjárbörf ríkissjóð

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Tekjuafgangur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar, sýndur sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf frá ársbyrjun sem hlutfall af tekjum. Lánsfjárbörf er halli ríkissjóðs að viðbættum löngum og stuttum útlánnum umfram innheimtar afborganir og eignasölu. Jákvæð lánsfjárbörf merkir halla og neikvæð lánsfjárbörf merkir lánsfjárafgang.

Mynd 25. Ríkistekjur og gjöld

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. Sýnd er hlutfallsleg breyting tekna og gjalda ríkissjóðs á milli ára, miðað við uppsafnaðar tölur frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar. Óreglulegum liðum er sleppt til að gera tölur samanburðarhæfar milli ára.

Mynd 26. Þróun skatttekna

Heimild: Ríkisbókhald, Seðlabanki Íslands. 12 mánaða raunbreyting milli 4ra mánaða hlaupandi meðaltala. Þrír flokkar skatttekna; staðgreiðsla og tryggingagjald, virðisaukaskattur og gjöld tengd innflutningi og áfengi.

Mynd 27. Hlutaþjárfarmaður: Mánaðarleg velta og dagleg verðþróun

Heimild: Verðbréfaþing Íslands. Sýnd er mánaðarleg heildarvelta skráðra hlutabréfa (á þingi og utan þings) og dagleg gildi úrvalsvisitölu og þingvisitölu aðallista. Nýjasta talan um veltu er velta yfirstandandi mánaðar fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 28. Fasteignaverð: íbúðaverð á höfuðborgarsvæði

Heimild: Fasteignamat ríkisins og Hagstofa Íslands. Núvirt fermetraverð í fjölbýli og sérþýli á höfuðborgarsvæðinu. Sýnd er vísitala raunverðs og 12 mánaða breyting nafnverðs. Mánaðargildin eru hreyfanleg þriggja mánaða meðaltöl. Nýjustu tölur eru bráðabirgðatölur.

Mynd 29. Raunverð atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæði

Heimildir: Fasteignamat ríkisins, Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungstölur. Vegið meðaltal iðnaðar, verslunar og skrifstofuhúsnæðis, 1995=100. Sýnt er bæði einfalt meðaltal samninga og vegið eftir stærð húsnæðis.

Mynd 30. Íbúðalánasjóður: Afgreidd húsbréf og afgreiddar umsóknir vegna nýbygginga og endurbóta

Heimild: Íbúðalánasjóður og Fasteignamat ríkisins. 3ja mánaða hreyfanleg meðaltöl. Tölur Íbúðalánasjóðs um afgreidd húsbréf á nafnverði og markaðsvirði í hverjum mánuði eru staðvirtar með vísitölu fermetraverðs íbúðarhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi afgreiddra húsbréfalána til nýbygginga einstaklinga og byggingaraðila og til endurbóta.

Mynd 31. Verð veiðiheimilda í þorski

Heimild: LÍÚ og Kvótahing. Sýnt er meðalverð hvers mánaðar á aflahlutdeild (varanlegur kvóti) og aflamarki (leigukvóti eða skammtímakvóti) í þorski.

Mynd 32. Ársfjórðungslegt raungengi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ársfjórðungslegar tölur. Raungengi miðað við hlutfallslegt neysluverð annars vegar og hlutfallsleg laun hins vegar.

Mynd 33. Gengisþróun krónunnar

Heimild: Seðlabanki Íslands. Raungengi, mánaðarlegar tölur miðað við hlutfallslegt neysluverð. Vísitala innflutnings og útflutnings miðað við viðskiptavog (vöru og þjónustu). Mánaðarleg meðaltöl. Nýjasta gildi gengisvísitalna er meðaltal þeirra daga sem liðnir eru í mánuðinum fram að útgáfu Hagvísu.

Mynd 34. Útlánaaukning lánakerfisins

Heimild: Seðlabanki Íslands. Breyting frá sama ársfjórðungi síðasta árs.

Mynd 35. M3 og útlán innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. 12 mánaða %-breytingar á mánaðarlokatölum. Breyting útlána er með FBA hf. frá og með mars 1999 og með Kaupþingi banka hf. frá janúar 2002. Útlánaþróun er einnig sýnd leiðrétt fyrir áætluðum verðlags- og gengisbreytingum verðtryggðra og gengistryggðra liða.

Mynd 36. Raungildi M3 og útlána innlánsstofnana

Heimild: Seðlabanki Íslands. Staða í lok hvers mánaðar er færð til fasts verðs með neysluverðsvísitölu. M3 er árstíðarleiðrétt. Í mars 1998 bætast útlán FBA hf. við vísitölu útlána og Kaupþing banki hf. í janúar 2002. Janúar 1999=100.

Mynd 37. Grunnfé og endurhverf viðskipti við Seðlabankann

Heimild: Seðlabanki Íslands. Grunnfé Seðlabankans og staða endurhverfra viðskipta lánastofnana við Seðlabankann. Sýnd er 12 mánaða breyting 3 mánaða meðaltala.

Mynd 38. Stýrivextir Seðlabanka Íslands og vextir á peningamarkaði

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar tölur um ávöxtun í endurhverfum verðbréfasamningum Seðlabankans við lánastofnanir og ávöxtun á peningamarkaði á skuldbindingum til 1 dags og 3 mánaða.

Mynd 39. Skammtíma vextir og vaxtamunur við útlönd

Heimild: Seðlabanki Íslands. Munur 3 mánaða ríkisvixlavaxta á Íslandi og í viðskiptalöndunum. Skammtímarauðvextir reiknaðir sem vextir í endurhverfum verðbréfa kaupum Seðlabankans leiðréttir fyrir verðbólguálagi ríkisskuldabréfa. Vikulegar tölur.

Mynd 40. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kautilboð í ríkisbréf til u.þ.b. 1½ árs, 5 ára og 11 ára (RIKB 03 1010, RIKB 07 0209 og RIKB 13 0517).

Mynd 41. Tímaróf óverðtryggðra vaxta

Heimild: Seðlabanki Íslands. Myndin vinstra megin sýnir REIBOR-vexti á lánum til mislangs tíma. Myndin hægra megin sýnir vexti í kautilboðum á ríkisvixlum og ríkisbréfum.

Mynd 42. Ávöxtunarkrafa verðtryggðra langtímaskuldabréfa

Heimild: Seðlabanki Íslands. Ávöxtun miðað við hagstæðasta kautilboð viðskiptavaka í 15 ára spariskírteini og húsbref í lok síðasta viðskiptadags mánaðar. Sýndir eru flokkarnir RS15 1001 og IBH22 1215.

Mynd 43. Bandaríkin: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 44. Evrusvæðið: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 45. Japan: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 46. Bretland: árstíðarleiðrétt atvinnuleysi og iðnaðarframleiðsla og verðbólga

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Árstíðarleiðrétt atvinnuleysi, árstíðarleiðrétt iðnaðarframleiðsla og neysluverð.

Mynd 47. Vöxtur breiðs peningamagns erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Peningamagn skilgreint sem M3 eða því sem næst.

Mynd 48. Útlánavöxtur innlánsstofnana erlendis

Heimild: EcoWin. Mánaðarlegar tölur. Útlán án markaðsverðbréfa. Tölur fyrir Bretland eru aðeins útlán til einkageira.

Mynd 49. Hlutabréfaverð í Bandaríkjunum

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Sýndar eru Nasdaq Composite vísitalan, Dow Jones Industrial Average (einnig sýnd í mynd 50) og Wilshire 5000 vísitalan. Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 50. Erlendar hlutabréfavísitölur

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Hlutabréfavísitölur á evrusvæðinu (EMU Stoxx 50), í Bretlandi (FTSE100), Japan (Nikkei 225) og Bandaríkjunum (Dow-Jones Industrial). Vísitölurnar eru allar settar á 100 í ársbyrjun 1998.

Mynd 51. Mismunur langtíma- og skammtíma vaxta

Heimild: EcoWin. Daglegar tölur. Mismunur á vöxtum 10 ára ríkisskuldabréfa og skammtíma vöxtum, í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi. Skammtíma vextir í Bretlandi og Þýskalandi eru 3 mánaða millibankavextir en í Japan og Bandaríkjunum 3 mánaða ríkisvixlavextir.

Mynd 52. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa

Heimildir: EcoWin. Daglegar tölur. Vextir 10 ára ríkisskuldabréfa í Japan, Bretlandi, Bandaríkjunum og Þýskalandi.

Mynd 53. Gengi evru gagnvart jeni, Bandaríkjadal og bresku pundi

Heimild: Seðlabanki Íslands. Daglegar vísitölur. Krossgengi m.v. íslenska krónu. Vísitölurnar eru settar á 100 31. desember 1998.